



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 13. desember 2021
VEL2021120004

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um ráðstöfun afgangsfjárhæðar úr styrkjaþotti velferðarráðs 2021

Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga styrkjanefndar velferðarráðs um ráðstöfun afgangsfjárhæðar úr styrkjaþotti velferðarráðs 2021:

Lagt er til að afgangsfjárhæð styrkjaþotts velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs árið 2021 að fjárhæð, 7,5 m.kr., verði veitt til Bjarkarhlíðar til að veita ráðgjafarsamtöl til þeirra einstaklinga sem hafa upplifað eða orðið fyrir ofbeldi. Einkum verði horft til þeirra sem hafa dvalið á vistheimilum, hvort heldur þau hafa verið rekin af ríkinu, Reykjavíkurborg eða einkaaðilum.

Tillagan var samþykkt.

Tillagan er hér með send borgarráði til kynningar, ásamt samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um ráðstöfun afgangsfjárhæðar úr styrkjaþotti velferðarráðs 2021, lögð fyrir fund velferðarráðs 8. desember 2021.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Styrkjahópur velferðarráðs

Efni tillögu: *Ráðstöfun afgangsfjárhæðar úr styrkjaþotti velferðarráðs 2021*

Lagt er til að afgangsfjárhæð styrkjaþotts velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs árið 2021 að fjárhæð, 7,5 m.kr., verði veitt til Bjarkarhlíðar til að veita ráðgjafarsamtöl til þeirra einstaklinga sem hafa upplifað eða orðið fyrir ofbeldi á vistheimilum, hvort heldur þau hafa verið rekin af ríkinu, Reykjavíkurborg eða einkaaðilum.

Greinargerð:

Við úthlutun velferðarráðs úr styrkjaþotti borgarsjóðs 3. febrúar. sl. var ákveðið að halda eftir fjárhæð sem nam allt að 5% af styrkjaþottinum til að bregðast við umsóknum utan auglýsts umsóknartímabils og vörðuðu atburði eða verkefni sem ekki væri hægt að sjá fyrir.

Undanfarnar vikur hafa einstaklingar, sem telja sig hafa orðið fyrir eða upplifað ofbeldi á visteimilinu á Hjalteyri stigið fram í fjölmiðlum og sagt sögu sína. Í kjölfarið hafa fleiri einstaklingar greint frá ofbeldi á öðrum vistheimilum. Það tekur oft ár eða áratugi að vinna úr áföllum í tengslum við ofbeldi í barnæsku. Með því að styrkja Bjarkarhlíð verður unnt að bjóða einstaklingum sem hafa lent í slíkum aðstæðum upp á viðtöl og meðferð. Með þessu verkefni er á engan hátt dregið úr mikilvægi þess að fram fari sérstök rannsókn á starfsemi slíkra heimila en verkefnið getur verið mikilvægt skref fyrir fórnarlömb ofbeldsisins.